


# Botnlangataka

Botnlanginn er fjarlægður í skurðaðgerð vegna bráðrar eða yfirstaðinnar botnlangabólgu. Aðgerðin er gerð í svæfingu og er oftast gerð með kviðsjá, gegnum fjóra skurði (1-2 cm) á kviðvegg en í einstaka tilfellum þarf að gera kviðarholsskurð.



## Undirbúningur fyrir aðgerð

### Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingaaðferðir eru mismunandi eftir aðgerðum.

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskrifarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óaskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

### Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynsla af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann.
- Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

### Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahóteli ef þörf er á.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg föt, inniskó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Þrifa þarf naflann með bómullarpinna. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, naglalakk, ilmefni eða skartgrip.

**Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.**

Fyrir aðgerð þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð.

Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

## Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dag- eða legudeild. Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Eftir svæfingu getur orðið vart við hálssærindi sem hverfa að jafnaði á 1-2 dögum. Boðið er upp á léttu máltíð fyrir heimferð.

## Þvaglát

Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

## Útskrift

Útskrift er áætluð um fjórum klukkustundum eftir aðgerð. Stundum er þó þörf á innlögn yfir nótt.

### Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Rafrænan lyfseðil í Lyfjagátt ef með þarf
- Tíma í símaviðtal eða endurkomutíma hjá lækni

## Verkir

Búast má við að finna fyrir verkjum á skurðsvæði fyrstu dagana eftir aðgerð. Þegar aðgerð er gerð með kviðsjá er lofti dælt í kviðarhol en við það getur komið fram erting á þind sem veldur verkjum upp í axlir, sem hverfa innan fárra daga. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir seinka bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

## Skurðsár

Skurðsár eru saumuð með saumi sem eyðist. Yfir þeim eru litlir límplástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en þeir losna sjálfir frá húðinni. Gott er að nota spegil við að skoða sárin en forðast þó alla óþarfa snertingu við skurðsár. Fylgjast þarf með útliti skurðsárs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlagt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð meðan sárin eru að gróa. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð.

## Matur og drykkur

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar.

## Þvaglát

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina.

## Hreyfing

Hæfileg hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata. Forðast þarf áreynslu á kvið og líkamsrækt í tvær vikur eftir aðgerð.

## Vinna

Æskilegt er að taka frí frá vinnu í 7–14 daga eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### Hafa þarf samband við dagdeild 13D ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Hiti er hærri en 38,5°C
- Roði, bólga eða gröftur sést við skurðsár
- Erfiðleikar við þvaglát, þrátt fyrir þvagþöf

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku.

## Símanúmer

Dagdeild 13D er opin virka daga frá klukkan 07:00 til 21:00, sími 543 7480.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomnið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.